

Alþingi
Fjárlaganefnd

Ísafirði 6. nóvember 2024

Umsögn frumvarp til fjárukalaga mál 304, 155. löggjafarþing

Með vísan til tillögu frumvarpsins um heimild til gera upp halla vetrarþjónustu Vegagerðarinnar allt að 2,9 ma, vill Fjórðungssamband Vestfirðinga athygli fjárlaganefndar á ályktun 69. Fjórðungsping Vestfirðinga varðandi vetrarþjónustu.

Ályktun - Vetrarþjónusta á Vestfjörðum 69. Fjórðungspings Vestfirðinga haldið á Hótel Laugarhóli í Bjarnarfirði, 18. og 19. október 2024, lýsir miklum vonbrigðum með fálæti stjórnvalda gagnvart ákalli samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum, um lengingu þjónustutíma vetrarþjónustu á Vestfjörðum.

Augljóst er að stuttur opnunartími Vestfjarða hamlar uppbyggingu atvinnulífs og samfélaga og er í hróplegu ósamræmi við lengri þjónustutíma á öðrum atvinnusvæðum í landinu. Fjórðungsping Vestfirðinga skorar á innviðaráðherra að breyta reglugerð um vetrarþjónustu og tryggja þannig að landshlutinn standi jafnfætis öðrum landsvæðum varðandi vetrarþjónustu.

Fjórðungsping leggur til að þjónustutími á Djúpvegi um Steingrímsfjarðarheiði og Ísafjarðardjúpi og Vestfjarðavegi um Dynjandisheiði, Múlasveit, Klettsháls og Reykhólasveit sé samræmdur opnunartíma á Bröttubrekku og Þröskuldum. Jafnframt verði vetrarþjónusta innan sveitarfélagsins Vesturbyggðar lengd og verði í samræmi við þjónustutíma milli byggðalaga á norðanverðum Vestfjörðum, ásamt því að færa Vestfjarðaveg 63, frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði upp um þjónustuflokk.

Með vísan til framangreindrar ályktunar þá er komið til móts við við hluta efni hennar, með tillögu í fjárukalaga í málaflokki 11. Samgöngu og fjarskiptamál, um að auka fjárheimild til málaflokksins um 3,3 ma þar af 2,9 ma til að koma til móts við áætlaðan halla vegna vetrarþjónustu á vegakerfinu.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga styður þessa tillögu og telur hana framfaraskref og væntir þess tillagan sé hluti af stefnubreytingu um fjármögnun og framkvæmd vetrarþjónustu Vestfjörðum. En uppsafnaður halli vetrarþjónustu hefur hamlað Vegagerðinni í að vinna að útbótum á þjónustunni á Vestfjörðum samhliða og endurbætur á vegakerfinu hafa unnist fram. Samhliða þarf að endurskoða reglugerð um framkvæmd vetrarþjónustu sem hefur leitt af sér styttri þjónustutíma á Vestfjörðum en í öðrum landshlutum.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.